

Aðalfundur Foreldrafélags Hvaleyarskóla

4. september 2019 kl. 19:30-20:30

Fundarstjóri og fundarritari:

Guðrún Björg Gunnarsdóttir

Formaður Guðrún Björg Gunnarsdóttir kynnti ársskýrslu Foreldrafélags Hvaleyarskóla fyrir veturinn 2018-2019.

Gjaldkeri Aron kynnti ársreikninga fyrir veturinn 2018-2019. Samþykktir með fyrirvara um skoðun frá skoðunarmönnum.

### **Kosningar til stjórnar 2019-2020**

Formaður: Guðrún Björg Gunnarsdóttir

Varamaður: Vigdís Soffía Sól Sigurðardóttir kosin varamaður í stað Ólafar

Skólaráð: Arnar Þór Ásgrímsson kosinn til tveggja ára

Skoðunarmenn reikninga: Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir og Íris Hvanndal

Almennar umræður og kynntar breyttar áherslur varðandi bekkjarfulltrúa. Bekkjarfulltrúar munu bera ábyrgð á að manna foreldrarölt án vikulegra áminninga frá stjórn Foreldrafélags. Skipulag foreldrarölts verður sett á heimasíðu skólans og á Facebook síðu bekkjarfulltrúa.

Stjórn áskilur sér að skipa í Foreldraráð Hafnarfjarðar úr fulltrúaráði til að sitja fundi Foreldraráðs fyrir hönd stjórnar. Sá aðili yrði bundinn trúnaði og myndi skila fundargerðum Foreldraráðs til stjórnar Foreldrafélags Hvaleyarskóla.

Foreldrafélag Hvaleyarskóla hefur lagt línurnar fyrir komandi starfsvetur og það kynnt til leiks.

-Sigga Dögg með kynfræðslu

-Eyjólfur Örn sálfræðingur með netfíkn fræðslu fyrir unglínga- og miðstíga ásamt erindi fyrir foreldra

-Pálmar Ragnarsson með erindi fyrir bæði nemendur og foreldra. Enn til umræðu út frá fjárhag

-Aðgangseyrir fyrir 6. bekk í Reykholt að vori

-Hugmynd að nýju fyrirkomulagi að setja til hliðar fé fyrir hvern bekk. Hver bekkur getur haft samband við Foreldrafélagið og óskað eftir framlagi vegna bekkjarkvölds. Það yrði í höndum hvers bekkjar að hafa samband og gegn beiðni er millifært. Féð er ekki eyrnamerkt og látið af hendi nema beiðni liggi fyrir.

Fundi slitið kl 20:30.

